

# VEIÐIDAGBÓK



VEIÐISTIÓRA  
EMBÆTTIÐ

2002



VEGURD · HREYSTI · HOLLUSTA

### KEA-skýr ljúffeng hollustuvara

KEA-skýrið er ein vinsælasta hollustuvaran á markaðnum í dag. Það er mjög bræðgott, prótínrikt og nánast fitulaust.



## EFNISYFIRLIT

7. árgangur



Leiðari .....	2
Refir og minkar .....	3
Heimasvæði rjúpna um vetur .....	7
Fugladauði af völdum raflína .....	11
Skipting landsins í veiðisvæði .....	16
Veiðiskýrsla .....	17
Veiðidagbók veiðimannsins .....	20
Veiðitölur .....	28
Veiðikortakerfið .....	29
Friðlýst svæði .....	30
Kort af friðuðum svæðum .....	32
Happdrætti .....	33
Fuglamerki hvað á að gera við þau .....	34
Boð og bönn .....	36
Veiðitímabil, tafla .....	40

Veiðistjóraembættið gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

**Veiðistjóraembættið** • Hafnarstræti 97 • 600 Akureyri  
s: 462-2820 • Bréfasími: 462-2325

Heimasíða: [www.veidistjori.is](http://www.veidistjori.is) • Tölvupóstur: [veidist@veidistjori.is](mailto:veidist@veidistjori.is)

Ljósmynd á forsiðu: Jóhann Óli Hilmarrsson

Prentvinnsla: Ásprent/pob ehf. • 600 Akureyri • S: 4 600 700

Ritstjóri: Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri veiðikorta

Ábyrgðarmaður: Áki Ármann Jónsson, veiðistjóri





Nú er svo komið að um 68% veiðimanna skila inn veiðiskýrslu og sækja um nýtt veiðikort með rafrænum hætti í gegnum Internetið. Samhliða þessu hefur embættinu tekist að safna saman um 8.000 netföngum veiðimanna sem fá skýrsluna og lykilorðið sent rafrænt. Með sama áframhaldi mun veiðikortakerfið verða að meirihluta til rafrænt á þessu ári. Slík umblytting kallar á breytingu á stjórnsýslu embættisins, úr pappírstjórnsýslu í rafræna stjórnsýslu. Einnig munu verða áherslubreytingar varðandi kerfið þar sem mun meiri áhersla verður á að halda úti öflugum net-svæði sem lifandi upplýsingavef og veiðidagbókin mun trúlega verða meiri „veiðidagbók“ en áður. Einnig er möguleiki á að

bæta við spjallrás og póstlista þannig að menn fái nýjustu fréttir sendar til sín í tölvupósti. Spjallrásin er vettvangur fyrir veiðimenn til þátttöku í stefnumótun embættisins og gagnrýnnar umræðu um viðkomandi starfsemi sem vonandi leiðir til bættrar þjónustu.

Gott dæmi um hagnýtingu netsins er gæðakönnun sú sem við settum á skilavefinn að þessu sinni. Svörun var mjög góð og hægt var að vinna samtundis úr niðurstöðum. Margar góðar ábendingar bárust varðandi vefinn og ýmislegt annað sem varðar starfsemi embættisins. Sambærileg könnun gerð bréfllega hefði kostað 1-2 milljónir að gera en með notkun netsins var kostnaðurinn vel innan við



## ÁKI ÁRMANN JÓNSSON VEIÐISTJÓRI

### VEIÐISTJÓRAEMBÆTTIÐ

Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 2001. Skil á skýrslum hafa batnað síðustu árin með fækkun og stækkun sveitarfé-


laga. Hér að neðan eru kostnaðar- tölur fyrir árið 2001 og til samanburðar kostnaðurinn fyrir árin 2000 og 1999.

Tafla 1: Árið 2001 – tölur frá 2000 og 1999 eru innan sviga:

	Refir			Minkar		
	2001	2000	1999	2001	2000	1999
Veidd dýr	<b>4.677</b>	(4.468)	(4.573)	<b>6.961</b>	(6.573)	(6.233)
Vinnustundir	<b>14.358</b>	(16.875)	(17.018)	<b>17.623</b>	(14.746)	(13.540)
Eknir km.	<b>53.795</b>	(54.426)	(46.778)	<b>88.646</b>	(83.908)	(67.926)
Kostn. millj. króna	<b>50</b>	(47)	(46)	<b>36</b>	(30)	(25)
Kostn. pr. veitt dýr	<b>10.605</b>	(10.519)	(10.037)	<b>5.229</b>	(4.564)	(4.011)
Vinnustundir pr. veitt dýr	<b>3,1</b>	(3,8)	(3,7)	<b>2,5</b>	(2,2)	(2,2)
Eknir km. pr. veitt dýr	<b>11,5</b>	(12,2)	(10,2)	<b>12,7</b>	(12,8)	(10,9)



## Refaveiði 1957-2001



Refaveiðin í ár var svipuð og árið áður. Þó var lítillháttar fjölgun á veiddum refum og nú eru tekin á lofti um að stofninn sé kominn í topp á þessu fjölgunarskeiði. Ástæður fjölgunar eru ekki allsendis kunnar en þó má benda á stækkandi stofn af fýl og heiðagæs. Fýlastofninn hefur stækkað mikið á þessari öld og er refurinn farinn að nýta sér

hann mjög mikið sem fæðu. Heiðagæsinni hefur fjölgað gríðarlega og trúlega hefur það bætt lífsskilyrði refsins inn til landsins. Í töflu 2. má sjá skiptingu veiðinnar í grendyr, hlaupadýr og yrðlinga.

Nokkur aukning er í minkaveiði á milli ára en þó er ljóst að minkastofninn í landinu er ekki á neinni niðurléið. Brynt er orðið að meta veiðiálag á

Tafla 2:

	Hlauparefir	Grendyr	Yrðlingar	Samtals
2001	1.860	881	1.936	4.677
2000	1.899	757	1.812	4.468
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774


stofninn ásamt því að leita nýrra leiða til þess að ná tökum á þessu vandaamáli. Í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi hefur verið hafinn rannsókn á veiðiálagi og ferðalögum minksins. Frumniðurstöður eru mjög áhugaverðar sem sýna að minkurinn ferðast mun hraðar og meira en áður var talið. Þessi rannsókn byggir á góðri samvinnu við veiðimenn og eru allir þeir veiðimenn sem veiða mink á Snæfellsnesi og nágrenni hvattir til þess að skila minkunum inn til Náttúrustofu Vesturlands.

Í febrúar 2000 kom út skýrsla um

minkaveiðar á Íslandi árið 1999 eftir Brynjólf Brynjólfsson verkefnisstjóra. Svörin í þeirri könnun var mjög góð og fengust upplýsingar um veiðiáferðir á 50% af veiddum minkum á Íslandi árið 1999. Áhugasamir veiðimenn geta fengið skýrsluna senda til sín endurgjaldslaust. Svipuð könnun hefur verið sett af stað fyrir árið 2001.

Einnig verður á árinu gefin út skýrsla um notkun á minkalæðuhlendi og öðru agni til þess að laða að minka í gildirur. Áhugasamir veiðimenn geta einnig fengið þá skýrslu senda til sín endurgjaldslaust.

## Minkaveiði 1957-2001



# HEIMASVÆÐI RJÚPNA UM VETUR



## ÓLAFUR K. NIELSEN

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

### Inngangur

Rjúpan er útbreiddur fugl á Íslandi og finnst frá láglendi upp á hæstu fjöll. Hún er eftirsóttasta villibráð íslenskra skotveiðimanna og árlega ganga til rjúpna 5000-6000 manns og fella á bilinu 125.000-165.000 fugla. Veiðimenn eru almennt áhugasamir um lífshætti rjúpunnar og allir veiðimenn spá í ferðalög hennar og búsvæðaval enda er slíkt forsenda árangursríkrar veiðiferðar. Finnur Guðmundsson var fyrstur fræðimanna til að lýsa ferðaháttum rjúpunnar utan varptíma og byggði á endurheimtum merktra fugla. Í skrifum sínum líkti Finnur lífi rjúpunnar við líf hirðingjans sem flakkar stað úr stað á langferðum sínum. Þessu til sönnunar tilfærði Finnur endurheimtur þingeykskra rjúpna en hluti þessara fugla

hafði ferðast landshorna á milli. Arnþór Garðarsson, annar frumkvöðull á sviði rjúpnarannsóknna, lýsti ferðalögum af svipuðum toga en hann studdist við aldurs- og kynjahlutföll í rjúpna-afla. Þannig taldi Arnþór að verulegur hluti rjúpna af aðaluppeldisstöðvunum á Norðurlandi og Norðausturlandi safnaðist saman í hálendisbrúninni vestanlands og austan. Haustið 1995 hófust við Náttúrufræðistofnun Íslands rannsóknir á vetrarvistfræði rjúpunnar. Fuglar voru merktir með senditækjum og þeim fylgt eftir uns þeir drápu, sendarnir hættu að virka eða fuglarnir týndust. Megin markmið þessa verkefnis var að rannsaka afföll rjúpunnar og sá þáttur rannsóknanna hefur verið kynntur í tímaritinu SKOTVÍS árin 2000 og 2001.



Bakpokar

Hitabrúsi



Göngustafir



Pottasett



Gönguskór



Áttavitar



Úr með áttavita



Prímusar



Svefnpokar

Höfum til sölu gjafabréf

Glerárgata 32 • Sími 461 3017

66°  
NORÐUR



Samhliða rannsóknum á afföllum gafst gott tækifæri til að rannsaka ferðalög rjúpna utan varptíma og þær niðurstöður eru hér til kynningar. Spurt er, hversu stór eru heimasvæði rjúpnar yfir veturinn, er munur á stærð heimasvæða á milli kynja og aldurshópa, leita fuglar á sömu heimasvæði vetur eftir vetur, og eru varplöndin nærri vetursetustöðunum? Með heimasvæði (*home range*) er hér átt við það svæði sem rjúpan dvelur á yfir veturinn. Marghyrningsaðferðinni (*convex polygon method*) var beitt til að afmarka heimasvæðin en þá eru dregnar línur á milli ystu staðsetninga hvers fugls og flatarmál marghyrningsins mælt. Heildarniðurstöður þessara rannsókna verða birtar í skýrslu sem kemur út á vegum Náttúrufræðistofnunar 2002.

### Heimasvæði

Samtals voru teknar 2163 staðsetningar fyrir 171 rjúpu á Suðvesturlandi árin 1995-2000. Til að reikna út heimasvæði yfir haust og vetur var miðað við staðsetningar frá tímabilinu 1. september til 10. apríl. Tíu stað-

setningar á hvern fugl var sá lágmarksfjöldi athugana sem stuðst var við og athuganatími þurfti að vera að minnsta kosti 71 dagur eða meira. Til voru gögn fyrir 58 einstaklinga sem uppfylltu þessi skilyrði og þar af í tvo vetur fyrir 5 fugla. Samanburður á stærð heimasvæða milli kynja og aldurshópa byggir því á 63 tilvikum.

Meðalflatarmál heimasvæða rjúpna var 562 ha. Meðalstærð heimasvæða ungra karra var 307 ha (spönn 53-986 ha) og fullorðinna karra 312 ha (74-735 ha). Meðalstærð heimasvæða fullorðinna hæna var 472 ha (102-2185 ha) og ungra hæna 983 ha (137-7100 ha). Ungar hænur höfðu marktækt stærri heimasvæði en bæði ungir og fullorðnir karrar og fullorðnar hænur. Annar munur milli hópa var ekki tölfræðilega marktækur.

### Tryggð við heimasvæði milli ára

Gögn um tryggð rjúpna við heimasvæði sín á milli ára voru til fyrir 5 fugla í tvo vetur. Þrjár þeirra voru merktir sem ungfuglar,

tvær hænur og karri. Mynstrið var það sama hjá þeim öllum og heimasvæði þeirra fullorðinna voru minni en þegar fuglarnir voru á 1. vetri, 52, 70 og 75% minni. Hjá annarri hænunni var allt heimasvæði hennar fullorðinnar innan marka þess svæðis sem hún notaði sem ungfugl, en hjá hinum fuglunum var skörunin við heimasvæði þeirra fullorðinna 20% og 30%. Tveir fuglar, karri og hæna, báðir merktir sem fullorðnir, voru með heimasvæði sem sköruðust að mestu leyti þá tvo vetur sem fylgstu var með þeim.

### Vetrarútbreiðsla og varpöðul

Lega varpöðala með tilliti til vetursetustöðva var þekkt fyrir 26 karra og 20 hænur. Karrarnir höfðu flestir sín varpöðul innan sínum heimasvæðum frá vetrinum á undan (69%). Hluti var með öðulin á jaðri heimasvæðanna (19%) og hluti helgaði sér öðul utan heimasvæðanna (12%). Stærstur hluti hæna (45%) var með varpöðul á jaðri heimasvæða sinna frá vetrinum á undan. Aðrar hænur voru

annað hvort innan heimasvæðanna (35%) eða utan (20%). Marktækur munur var á körrum og hænum að þessu leyti.

### Niðurlag

Þessar rannsóknir hafa sýnt að munur er eftir kynjum og aldri á stærð heimasvæða rjúpna yfir vetur. Hænur, að minnsta kosti ungar hænur, hafa stærri heimasvæði en karrar. Fuglarnir sýna tryggð við sömu dvalarstaði vetur eftir vetur. Varpöðul karranna eru flest innan marka heimasvæða þeirra frá vetrinum á undan en hjá hænum eru flest varpöðulin annað hvort við jaðar heimasvæðanna eða fyrir utan þau. Það vekur athygli hversu lítil heimasvæði rjúpna eru í raun og veru, sumar rjúpur dvöldu allan veturinn á svæði sem var innan við ferkílómetra að stærð! Þetta er athyglisvert að hugleiða í ljósi algengra fullyrðinga veiðimanna eins og: „gekk allt fjallið, sá för eftir rjúpur en fann ekkert og allur fugl var greinilega farinn eitthvað annað.“ Miðað við niðurstöðurnar í þessari grein fór fuglinn hvergi, veiðimaðurinn einfaldlega fann hann ekki!

Því fer þó fjarri að ég haldi því fram að þetta ferðamynstur, sem hér hefur verið lýst, sé algilt fyrir íslenskar rjúpur. Fuglarnir, sem þessar rannsóknir beindust að, höfðu vetursetu í varplöndum sínum. Í Hrisey höfum við rannsakað fugla sem ferðast 10-75 km frá varpstöðvum til vetursetustöðva. Þau gögn eru ekki eins ítarleg og fyrir rjúpur á Suðvesturlandi en megindrættirnir eru þeir sömu, það er hænur ferðuðust lengri vegalengdir en karrar, fuglarnir voru komnir á vetursetustöðvar allavega í október og nóvember

og dvöldu þar á afmörkuðum heimasvæðum fram á vor, en þá fóru þeir og að því er virtist rakleitt til baka á varpstöðvar. Samkvæmt þeirri mynd sem hér er dregin upp hafa rjúpur vetursetu í og við varplöndin ef skilyrði bjóða upp á slíkt. Annars staðar háttar þannig til í varplöndunum, t.d. vegna snjóalaga, að þar er ekki lífvænlegt fyrir rjúpur að reyna vetursetu og fuglarnir fara því annað. Fyrirliggjandi gögn, bæði frá Suðvesturlandi og úr Eyjafirði og Skagafirði fyrir Hriseyjarjúpur, benda til þess að eftir

## FUGLADAUÐI AF VÖLDUM RAFLÍNA



### ÓLAFUR EINARSSON NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

#### Inngangur

Á Íslandi líkt og annars staðar hafa verið reistar raflínur. Þær eru misjafnar að gerð, allt frá einum streng á tréstaurem, nokkra metra frá jörðu, yfir í stórvaxin málmstösur sem bera nokkrar raflínur í margra metra hæð yfir jörðu. Á Íslandi hefur lítið verið rannsakað hvaða tegundir og hversu margir fuglar drepast við að fljúga á raflínur eða vegna raflosts. Erlendis hafa menn veitt þessum málum meiri athygli og þar hefur verið sýnt fram á að fugladauði af völdum raflína getur haft neikvæð áhrif á fuglastofna. Samkvæmt erlendum rannsóknum er fugladauði af völdum árekstra við raflínur eða raflosts ekki bundinn við tilteknar fáar fuglategundir heldur

margar, og er sérstakt áhyggjuefni ef um sjaldgæfar tegundir er að ræða.

Árið 1997 fékkst styrkur úr Veði-kortasjóði til þess að rannsaka hvaða fuglar drepast vegna áreksta við raflínur á Íslandi, í hve miklu magni og hvenær árs þetta gerist.

#### Aðferðir

Gagna var aflað á þrennan hátt. Í fyrsta lagi með beinum athugunum á 25 eins kílómetra löngum sniðum með raflínum í Flóa á Suðurlandi. Sniðin voru eingöngu með svonefndum dreifilínum, sem voru með tveimur eða þremur línum á tréstaurem. Útvinnan hófst í byrjun apríl 1998 og lauk í byrjun desember sama ár, þ.e. hún stóð yfir frá því

**Allt til skotveiða**

DELUXE WOODEN  
FLEXIBLE PATTERN RIFLE

**SJÓBÚÐIN EHF.**  
LAUFÁSGATA 1 • 600 AKUREYRI • Sími 462 6330

Remington Beretta EXPRESS S&W



að fyrstu farfuglar koma og þar til þeir hafa yfirgefið landið. Hvert snið var kannað einu sinni í mánuði. Í öðru lagi byggðist rannsóknin á því að skoða endurheimtur merktra fugla. Fugla-merkingar hafa verið stundaðar í áratugi á Íslandi og hafa gefið ómetanlegar upplýsingar. Við endurheimtu er dánarorsök fuglsins skráð, þar á meðal árekstur við raflínur, og öll þau gögn voru skoðuð. Í þriðja lagi voru fengin gögn frá Rafmagnsveitum ríkisins (RARIK) um rafmagnsútslætti og orsakir þeirra. Upplýsingar um rafmagnsútslætti hafa verið skráðar síðustu árin í gagnagrunn. RARIK hefur góðfúslega veitt aðgang að þessu gagnasafni. Skoðað var hvað veldur útslætti og ef fugl var sökudólgurinn um hvaða tegund var að ræða, hvenær árs þetta gerðist og hvar. Hér er ætlunin að segja frá rannsóknum í Flóa árið 1998.

### Rannsóknir í Flóa árið 1998

Á 17 sniðum (68%) fundust leifar af fuglum sem drápu á raflínum eða urðu fyrir raflosti, en engin merki um slíkt voru á átta sniðum (32%). Misjafnt var

hversu margir fuglar fundust á sniði, mest fundust sex fuglar á sniði. Nær allir fuglarnir fundust þar sem gengið (20 snið) var með raflínum, einungis einn fugl fannst þar sem ekið (5 snið) var með þeim.

Alls fannst 41 dauður fugl af 12 tegundum (1. tafla). Álftr var algengast og fundust alls leifar af 21 (51%) einstaklingi. Átta þeirra voru löngu dauðar og frá því fyrir 1997. Því voru það 13 álftrir sem flugu á raflínum árin 1997 og 1998. Öll önnur hræ voru frá 1998. Hrossagaukur var næst algengastur en alls fundust fjögur hræ (10%). Þrjár spóar, tveir stelkar og tvær rauðhöfðaendur fundust, einnig tveir hrafnar en þeir drápu líklega báðir vegna raflosti. Af öðrum fuglum fannst einungis einn einstaklingur, t.d. ein grágæs og ein stökkönd (1. tafla). Hræ af minni fuglum hverfa fyrir en af stórum fuglum, þau eru því ekki eins áberandi og einnig eru meiri líkur á að slíkar hræ séu borin á brott, t. d. af hröfnum. Niðurstöður sýna því lágmarkstölur fyrir dauða fugla af völdum árekstra við raflínur. Flestir fuglarnir drápu í maí og júní, annars vegar fimmtán og


Tegund	Fjöldi	%
Álftr	21	51
Grágæs	1	2
Rauðhöfðaönd	2	5
Stökkönd	1	2
Louþræll	1	2
Hrossagaukur	4	10
Spói	2	5
Stelkur	3	7
Ógreindur vaðfugl	1	2
Hettumáfur	1	2
Sílamáfur	1	2
Kría	1	2
Hrafn	2	5
<b>Alls</b>	<b>41</b>	<b>100</b>

1. tafla. Fuglar sem fundust dauðir undir raflínum í Flóa á Suðurlandi árið 1998

hins vegar átta, en á öðrum tímum fundust tiltölulega fáir fuglar, einn í apríl, þrjár í júlí, fjórir í ágúst, og tveir í desember (1. mynd). Samtals drápu 23 (70%) á varptíma (maí til júní) á móti 10 (30%) á öðrum tíma. Samkvæmt þessu er algengast að fuglar fljúgi á raflínum um varptímann, en þá eru margir þeirra að verja óðul með tilheyrandi söngflugum og varpatferli. Þetta er fyrsta rannsókn á Íslandi á fuglatauða af völdum

raflína. Niðurstöður hennar benda til þess að ýmsar tegundir fugla drepast á raflínum. Samkvæmt rannsókninni var algengast að álftrir drápu af völdum árekstra við raflínur. Raflínur eru veruleg hindrun fyrir álftrir, þar sem þær fljúga oft lágt yfir jörðu, eru þungar á flugi og eiga erfitt með að breyta skyndilega um stefnu. Meðfram þeim 20 kílómetrum af raflínum sem gengið var með fundust 32 nýlega dauðir fuglar.





1. mynd. Fjöldi fugla sem fannst dauður undir raflínun á hverju athugunartímabili í Flóa á Suðurlandi árið 1998.

Af þeim niðurstöðum er ljóst að raflínur taka toll af fuglastofnum og ástæða er til að gefa þessu vandamáli frekari gaum. Á síðustu áratugum hafa verið lagðar raflínur víða um Ísland, jafnt á láglendi sem á heiðum uppi, en flestar þeirra voru lagðar áður en lög um umhverfismat voru sett. Nokkrar raflínur hafa þó verið lagðar eftir gildistöku laganna en fullyrða má að ekkert hafi verið rannsakað hvaða áhrif

þær raflínur kynnu að hafa á raflínur. Við raflínulagnir verður að leitast við að hafa sem minnst áhrif á umhverfið. Taka verður með í reikningin hver áhrif raflínunnar verða á fugla, þar sem árekstrarhætta er veruleg er besti kosturinn að leggja raflínuna í jörð. Þennan kost ætti að skoða þar sem línuslys á fuglum eru algeng en slíkt hefur t.d. verið gert í Skagafirði.



Afkomandi ótal kynslóða



Remington 11-87 Premier,  
formfögur og skotvís


**Remington®**

Umboð á Íslandi:

**Veidiland**

Bíldshöfða 18 • 110 Reykjavík  
Sími: 588-5830 • Fax: 588-5835

# Skipting landsins í sex veiðisvæði



**VE VF NV NE AU SU SAMT:**

- Svartbakur
- Sílamáfur
- Silfurmáfur
- Hrafn
- Grágæs
- Heiðagæs
- Fýll
- Dílaskarfur
- Toppskarfur
- Blesgæs
- Helsingi
- Stökkönd
- Urtönd
- Rauðhöfðaönd
- Duggönd
- Skúfönd
- Hávella
- Toppönd
- Hvítmáfur
- Hettumáfur
- Rita
- Álka
- Langvía
- Stuttnefja
- Teista
- Lundi
- Rjúpa
- Kjóí
- Refur
- Minkur
- Hreindýr

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	SAMT:
Svartbakur							
Sílamáfur							
Silfurmáfur							
Hrafn							
Grágæs							
Heiðagæs							
Fýll							
Dílaskarfur							
Toppskarfur							
Blesgæs							
Helsingi							
Stökkönd							
Urtönd							
Rauðhöfðaönd							
Duggönd							
Skúfönd							
Hávella							
Toppönd							
Hvítmáfur							
Hettumáfur							
Rita							
Álka							
Langvía							
Stuttnefja							
Teista							
Lundi							
Rjúpa							
Kjóí							
Refur							
Minkur							
Hreindýr							

## Minkaveiðimenn!



### Sumarið 2001 hófst rannsókn á vegum Náttúrustofu Vesturlands í samvinnu við Liffraeðistofnun Háskólans og Veiðistjóraembættið til að meta stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi.

Samtals voru 85 minkar merktir með frostmerki til að greina mætti þá frá ömerktum. Merkið kemur fram sem hvít hár á utanverðu læri afturfótar, ýmist fáein hár eða greinilegur blettur. Minkarnir voru einnig merktir með örmerki undir húð, sem lesa má með þar til gerðu tæki.

Endurheimtur merktra minka fara fram með hefðbundnum veiðum og því er þátttaka og samvinna við veiðimenn nauðsynleg til að marktækar niðurstöður fáiast. Takist vel til fást upplýsingar um stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi, veiðilagið á stofninum, náttúruleg vanhöld minka og vegalengdir sem þeir geta ferðast. Niðurstöðurnar verða notaðar til að leitast við að ná betri árangri við minkaveiðar í framtíðinni.

Þar sem fyrstu niðurstöður benda til að minkar geti ferðast a.m.k. nokkra tugi kílómetra frá merkingarstað og að í sumum tilfellum er frostmerkingin ógreinileg eða ósýnileg, er nauðsynlegt fyrir verkefnið að allir sem veiða minka á Vesturlandi sendi alla minka sem þeir veiða (ekki eingöngu þá minka sem greina má frostmerki á).

*Greiddar verða kr. 5.000 fyrir hvern merktan mink og kemur sú upphæð til viðbótar hefðbundnum veiðilaunu.*

Best er að setja hvern mink í poka með miða þar sem fram kemur nafn og heimilisfang veiðimanns, dagsetning veiði, veiðiaðferð (hundar, gildir o.s.frv.) og nákvæm staðsetning. Skott þarf ekki að fylgja en mikilvægt er að merkja sendinguna sem frostvöru. Sendingarkostnaður verður greiddur af viðtakanda. Æskilegt er að minkarnir séu frystir nýveiddir en óskað er eftir að fá öll hræ, hvernig sem ástand þeirra er. Veiðimenn sem taka þátt fá sendar upplýsingar um niðurstöður að rannsókn lokinni.

*Allir minkar sem veiðast á Vesturlandi skulu sendast til Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi.*

## Minkaveiðimenn!



# Minkaveiðimenn á Vesturlandi!

Munið að senda alla veidda minka til Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi, vegna rannsóknir á stærð minkastofns.

Leggið ykkar að mörkum til að auka þekkingu á minknum og gera minkaveiðar skilvirkari.



Náttúrustofa Vesturlands

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur

## Minkaveiðimenn!



Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_


Annað: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals
_____					
_____					
_____					

# ÍSLENSKIR FUGLAR

## STÓRVIRKI FYRIR NÁTTÚRUNNENDUR



Alfræðibókin **Íslenskir fuglar** eftir dr. Evar Petersen er stórvirki íslenskrí bokautgáfu.

Þetta er fyrsta yfirlitsritið um íslenska fugla eftir vísindamann á sviði fuglafræði og aldrei áður hefur birst jafnheildstætt safn málaðra mynda af fuglum í náttúru Íslands.

Vatnslitamyndirnar eru eftir Jón Baldur Hliðberg.

Bókin opnar lesendum heilandi heim íslenskra

fugla með aðgengilegum og yfirgrípsmiklum upplýsingum sem settar eru fram á nutímalegan og myndrænan hátt.

Unnið hefur verið að ritinu í arátug og er bókin **Íslenskir fuglar** langvígðamesta utgáfu verkefni Vöku-Helgafells frá upphafi.

Tryggðu þer stórvirkid íslenska fugla á sérstöku kynningarverði.

  
**VAKA-HELGAPELL**  
SUÐURLANDSBRAUT 12  
SÍMI 522-2000

Lifandi útgáfa allt árið

Einstakt safn vatnslitamynda, korta og skyringarteikninga.

Nákvæmar lýsingar og myndir af 108 tegundum villtra íslenskra fugla.



## MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM OG NOTUÐUM BYSSUM HREINDÝRARIFFLAR

EINNIG SÉRPÖNTUM VIÐ FLESTAR GERÐIR AF RIFFLUM

Vesturröst • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík

Sími: 551-6770 • 581-4455 • 553-3380

Asprent/pób.ehr.

# LÁTTU EKKI ÞITT... EFTIR LIGGJA!

Ef pláss er fyrir skothylkin á veiðislóð  
er rými fyrir þau heim aftur

Taktu notuð skothylki  
þín og annarra  
með þér aftur til byggða



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS





## VEIÐITÖLUR

	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Svarbakur	35.787	32.785	29.738	32.328	24.725	19.847
Sílamáfur	22.340	22.390	27.257	34.030	19.714	24.845
Sílfurmáfur	5.998	4.798	4.881	7.868	6.278	5.505
Hrafn	7.119	6.653	5.987	5.535	4.519	3.060
Grágæs	35.350	37.657	41.028	37.623	33.901	31.821
Heiðargæs	10.695	12.182	14.639	15.330	13.614	13.923
Blesgæs	3.237	2.947	3.185	3.245	3.285	3.515
Helsingi	1.876	1.619	2.619	2.282	1.362	1.387
Stokkónd	9.885	11.467	10.575	10.957	9.155	10.254
Urtönd	1.033	1.377	1.207	1.095	1.160	2.328
Rauðhófaönd	684	704	626	666	805	1.680
Duggönd	101	173	232	86	183	203
Skúfönd	126	70	158	196	463	82
Hávella	2.022	1.860	1.510	1.496	1.806	1.916
Toppönd	488	757	672	665	543	556
Hvítmáfur	3.942	4.546	3.771	3.187	5.496	4.080
Hettumáfur	2.958	2.696	2.853	2.306	1.908	1.457
Rita	1.371	1.461	2.324	1.443	1.596	1.510
Dilaskarfur	2.550	2.975	2.678	1.890	1.627	2.104
Toppskarfur	5.128	6.499	4.410	2.253	2.237	2.699
Fýll	8.059	8.920	10.093	8.937	7.560	9.610
Álka	18.461	27.573	20.708	25.113	27.565	19.566
Langvía	52.867	65.099	59.031	65.378	58.990	65.459
Stuttnefja	15.114	20.479	15.339	18.294	21.635	16.202
Teista	3.424	4.077	3.932	3.817	4.821	4.648
Lundi	215.517	232.936	184.664	159.700	126.197	127.174
Rjúpa	123.392	157.900	165.337	158.223	149.301	127.515
Kjói	2.617	2.292	1.993	1.752	1.287	1.277
Tófa	3.677	3.535	3.927	4.509	4.811	5.372
Minkur	6.341	6.693	7.995	7.769	7.673	8.550
Hreindýr	329	359	260	300	401	349
Súla (ungar)	707	994	636	686	433	831

## VEIÐIKORTAKERFIÐ



Rekstur veiðikortakerfisins vel á seinasta ári og munaði miklu um að þurfa ekki að senda um 6.700 veiðimönnum bréflaga veiðiskýrslu heldur rafræna þ.e. í tölvupósti.

Ítarlegar upplýsingar um úthlutanir úr veiðikortasjóð og rekstur veiðikortakerfisins er að finna á heimasíðu embættisins [www.veidistjori.is](http://www.veidistjori.is)

Ár	Fj. Umsókna	Utg. veiðikort	Gr. veiðikort	Innkoma	Rekstur
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,7	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.476	16,7	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.445	19,9	4,9
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	

Á seinasta ári var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun Refastofnsins	1.600.000	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Rjúpnarannsóknir	6.500.000	Náttúrufræðistofnun	Ólafur Karl Nielsen
Gæsa-og andarannsóknir	4.200.000	Náttúrufræðistofnun	
<b>Samtals</b>	<b>12.300.000</b>		

# FRÍÐLÝST SVÆÐI

## Náttúruvernd ríkisins



### Kæru veiðimenn

Akstur utan vega er bannaður. Ástæða þess að reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er auðlind sem taka verður tillit til. Gáleysisleg umgengni og átroðningur er líkleg til að valda miklum spjöllum og breytingu á ásynð lands m.a. vegna veðráttu og norðlægrrar legu landsins. Jarðvegur hér er ríkur af ösku, vikri og öðrum aföksefum. Hann er grófur og laus í sér og því auðrofinn. Á hálandinu einkennist gróðurþekjan víða af mosaríkum sverði og gisnum háplöntu-gróðri. Gróðurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi, láta fljótt á sjá og eru lengi að gróa upp. Sýnum því samstöðu — hlífum landinu við akstri utan vega.


### Náttúruverndarsvæði

Náttúruvernd ríkisins vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru 85 fríðlýst náttúruverndarsvæði. Sérstakar umgengnisreglur gilda á hverju svæði fyrir sig. Á eftirtöldum svæðum eru skotveiðar bannaðar með þeim undantekningum sem getið er. Á þeim svæðum sem ekki er getið í listanum er meðferð skotvopna ekki óheimil með vísan í náttúruverndarlög. Hinsvegar er landeigendum, sveitarstjórnum og hagsmunaaðilum heimilt að setja strangari reglur. Upplýsingar um gildandi reglur á fríðlýstum svæðum er að finna í auglýsingum B-deildar Stjórnartíðinda og á skrifstofu Náttúruverndar ríkisins [www.natturuvernd.is](http://www.natturuvernd.is)

Svæði	Augl.nr.	Undantöking frá banni
<i>Suðvesturland</i>		
Ástjörn	189/1978	
Ástjörn og Ásfjall	658/1996	
Eldey	119/1974	
Grötta	13/1984	
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	
Varmárósar	506/1987	
<i>Vesturland</i>		
Blautós og Innstavogsnæs	166/1999	
Búðahraun	357/1979	
Geitland	283/1988	
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Húsafellsskógur	217/1974	
Melrakkaey	118/1974	
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988	
Snæfellsjökull	568/2001	
Hvanneyri		

<i>Vestfirðir</i>		
Flatey	395/1975	Bændum er heimilt að bægja frá vargi.
Hörnstrandir	332/1985	
Hrisey	425/1977	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi
eru heimilar		
Vatnsfjörður	96/1975	
Norðurland Vestra		
Hlíruýey í Blöndu	521/1975	Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduúsbæjar. Eyðinga meindýra er heimil
Miklavatn	29/1977	
Spákonufellshöfði	444/1980	
<i>Norðurland Lystra</i>		
Böggvissstaðafjall	432/1994	Rjúpnaveiðar eru heimilar
Dettifoss, Selfoss og		
Hafragilsfoss	457/1996	Landeigendum er heimilt að bændum dýraveiðar
Fríðland í Svarfaðardal	443/1980	
Flerðubreiðarfríðland	272/1974	Meindýraveiðar bændu eru heimilar
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Vestmannavatn	30/1977	Eyðing meindýra er heimil
<i>Austurland</i>		
Díma í Lóni	523/1975	
Esjufljóll í Breiðamerkurjökli	188/1978	
Fólkvangur Neskaupstaðar	333/1972	Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar. Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.
Hólmanes	393/1973	
<i>Hvannalindir í Krepputungu</i>		
Ingólfs höfði	32/1973	
Kringilsárrani	388/1978	
Lónsóræfi	524/1975	
Ósland	31/1977	Veiðiréttur landeigenda er óbreyttur
	427/1982	Eyðing meindýra er heimil skv. ákvörðun stjórnar fólkvangsins
Salthöfði og Salthöfðamýrar	249/1977	Eyðing meindýra er heimil
Skaftafell	319/1984	
Skrúður	513/1995	Ábúanda er heimil hlunnindanýting
<i>Suðurland</i>		
Dyrhólaey	101/1978	
Dverghamrar	446/1987	Hlunnindanýting bændu er heimil.
Gullfoss	141/1979	
Herdísarvík	121/1988	
Oddaflóð	634/1994	
Pollengi og Tunguey	457/1994	
Skógafoss	477/1987	
Surtsey	122/1974	Skot bönnuð nær eyinni en 2 km
Pingvellir	Lög 59/1928	Meindýraveiðar eru heimilar
Þjorsárver	507/1987	

# Friðlýst svæði



## Skilahappdrætti Veidistjóraembættisins 2002

Þann 7. febrúar var dregið úr þeim 7.289 skýrsum sem höfðu borist embættinu fyrir 1. febrúar. Eftirtaldir aðilar höfðu heppnina með sér.

- 1. verðlaun**  
GPS staðsetningartæki  
  
**Sigurður Már Andrésson**  
Hvassaleiti 61  
103 Reykjavík
- 2. verðlaun**  
Skotveiðar í íslenskt náttúru  
Eftir Ólaf E. Friðriksson  
  
**Guðmundur Steinar Zebitz**  
Asparfelli 12  
111 Reykjavík
- 3.-10. verðlaun**  
Áttaviti  
  
**3.**  
**Friðjón Örn Hólmberntson**  
Hlíðarhjalla 39a  
200 Kópavogur
- 4.**  
**Porleifur Jóhann Guðjónsson**  
Klapparbergi 31  
111 Reykjavík
- 5.**  
**Hlynur Tulinius**  
Vættaborgum 2  
112 Reykjavík
- 6.**  
**Óli Viðar Andrésson**  
Raftahlíð 37  
550 Sauðárkrúkur
- 7.**  
**Sigurvín H Hreiðarsson**  
Túngötu 24  
460 Tálknafjörður
- 8.**  
**Sigurður Ríkarð Stefánsson**  
Hólavegi 65  
580 Siglufjörður
- 9.**  
**Baldvin Sveinsson**  
Tjörn  
545 Skagaströnd
- 10.**  
**Leifur Leifsson**  
Naustabryggju 31  
112 Reykjavík



# FUGLAMERKI HVAD Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lífnaðarhætti þeirra, ferðir, líflengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthöfundur merkingastöðvar og raðtala, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlitill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttara aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merktan fugl, þá sendu upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands  
Fuglamerkingar  
Pósthólf 5320  
IS - 125 Reykjavík

Lífandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal benti að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merkta fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merkta rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hvernar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrottinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður).

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

**Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
sími 5 900 500, símbréf 5 900 595**



Hversu mikið metur þú líf þitt?



Er þess virði að vera án **Garmin GPS?**



**R. SIGMUNDSSON**

S: 520 0000 • r.sigmundsson@rs.is • www.rs.is

**Fæst í öllum helstu útivistarverslunum**



## Úrdráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994 er umhverfisráðherra veitt heimild til þess að afleiða friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfisráðherra gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/94.

Fuglafriðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að afleiða friðun á súlu og skúm en er ekki í reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31.mars í lögnum en til 15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu veiðistjóraembættisins [stjori.is. Á heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur 1995 og áætlaða stofnstærð þeirra.](http://www.veidi-</a></p>
</div>
<div data-bbox=)

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbýla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

### Við veiðar er m.a. óheimilt að nota.

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- súlu- og skarfsungum.

4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótþoga eða gildir.
8. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatekjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálf-sjálfvirk með skothylkjahöfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.
17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómilur meðan á veiði stendur.

Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Vélsléðar

eru að sjálfsögðu vélknúin farartæki og falla undir þessa grein. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja- eða ungataka súlu, rífur, skarfs, fýls, skúms, hvílu, álku, langvíu, stuttnefju, teis, lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

**Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.**

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af **völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl.** Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af. **Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land** nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiaránu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

**Veiðiar telst vera frá 1. janúar til 31. ▶**



desember.

**Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.**

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Veiðistjóraembætti er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá

veiði þannig að hægt sé að rekja saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu á bls. 46.

## Þjónustuver veiðimannsins



Vöðlur  
Vöðluviðgerðir  
Vöðluleiga  
Stangarleiga  
Byssusmíði  
Byssuviðgerðir  
Byssusala  
Nýjar byssur  
Notaðar byssur  
Fylgihlutir



J. Vilhjálmsson ehf.  
Dunhaga 18 - 107 Reykjavík  
Sími: 561 1950 - Fax: 561 1952  
j.vilhjalmsson@byssa.is  
www.byssa.is



# Thermos hitabrúsi

ómissandi  
ferðafélagi

Thermos FBB100B 1L  
Stálhitabrúsi:

- ▶▶ 30% Léttari en meðal stálhitabrúsi
- ▶▶ Framleiddur úr beigluþolnu stáli
- ▶▶ Heldur heitu í allt að 35 klukkustundir
- ▶▶ Fyrirferðalítill
- ▶▶ Smellutappi

# THERMOS®

Heildsöluumboð: John Lindsay ehf.



	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Agúst	Septembar	Október	Novembar	Desember	
Tegund													Veiðitími
Svartbakur													Allt árið
Silamáfur													Allt árið
Silfurmáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08 - 15.03
Heiðgæs													20.08 - 15.03
Fýll													01.09 - 15.03
Dílaskarfur													01.09 - 15.03
Toppskarfur													01.09 - 15.03
Blesgæs													01.09 - 15.03
•Helsingi													01.09 - 15.03
Stökkönd													01.09 - 15.03
Urtönd													01.09 - 15.03
Rauðhöfðaönd													01.09 - 15.03
Duggönd													01.09 - 15.03
Skúfönd													01.09 - 15.03
Hávella													01.09 - 15.03
Toppönd													01.09 - 15.03
Hvitmáfur													01.09 - 15.03
Hettumáfur													01.09 - 15.03
Rita													01.09 - 15.03
Álka													01.09 - 10.05
Langvía													01.09 - 10.05
Stuttnefja													01.09 - 10.05
Teista													01.09 - 10.05
Lundi													01.09 - 10.05
Rjúpa													15.10 - 22.12
Kjói													15.04 - 14.07

**ATH!** Helsingi er fríðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp litill alislenskur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til.

Powerade  
LIQUID SYSTEM



Powerade er íþróttadrykkur sem gefur orku og tryggir hraða endurnýjun vökvabýrgða líkamans.

Powerade er fyrir alla sem eru virkir og stunda hreyfingu.

Powerade hentar vel við æfingar, líkamlega áreynslu eða hvenær sem þorsta sækir að.

HALTU ÁFRAM.



**Benelli**

**5 ára ábyrgð**

á öllum nýjum byssum



**Helstu útsölastaðir:**

**Reykjavík:**

Hlað • Vesturröst • Útilíf • Nanoq • Veiðihorníð  
Jóhann byssusmiður

**Landsbyggðin:**

Veiðikofinn, Egilsstaðir • Hlað, Húsavík  
Sjóbúðin, Akureyri • Rás, Þorlákshöfn  
Skagfirðingabúð, Sauðárkróki  
Kaupfélag, Blönduósi